

S \_ 6 \_ l \_ e \_ y \_ j \_ a \_ r \_ v \_ e \_ l \_ l \_ i \_ r .

Jörð í Skeggjastaðahrepp, næst vestan við Gunnólfsvík, sama um örnefni að segja og Gunnólfsvík, nema hér fór Friðrik á Felli yfir það til endurbóta, einnig nokkrar upplýsingar frá sr. Sigmar Þorfasyni.

Jörð þessi er nú f eyði, bærinn stendur vestanvert við Geysirófu (1), sem nefnd var við Gunnólfsvík og er á merkjum milli hæjanna. Sagt er, að þetta hafi fyrrum heitir Urðarsel (2), en ekki veit eg hvar það stendur. Ef við förum nú inn á merki við sjóinn á merkjum móti Felli, þá heitir þar við sjóinn Urðarmöl (3), og innan við hana heitir Klapparhorn (4). Og ofan við Klapparhornið er Markstéinn (5), var málauður hvítur af skipsmönnum á Diönu fyrir um 60 árum, en nú er það mæð af, þarna eru merkin. Upp af Urðarmölinni er Mýri, sem nefnd er Mér (6), þar er mótask, og heldur hærra uppi er Stekkjarhall (7). Nokkuð innan við þetta er svo Geysirófuós (8).

Fellið hér uppf heitir að fornú Smyrlafell (9), en síðari tími hefur leitt inn nafnið Urðarfell. Hæst á fjallinu Smyrlafelli heitir Urðarfellshnjúkur (10) og norðvestur af fellinu heita Prí-vörðubrekkur (11), sem liggja þar norðvestur undir Pernuvatn (12). Í því eru hélmaðar verpa endur og æðarfugl. Þarna eru víða nafnlausar urðir, en f þeim eru nefndar Tjarnir (13), þær eru nokkuð margar.

Þar sem fellið skagar lengst austur er kallað Fjallshorn (14). Þar neðar upp með ánni, Geysirófu heita Hvammar (15). Þar ofar og hærra uppi rétt ofan við Fellsbrúnina, ofan við bæinn, er nefnd Mýri (16). Við hana ofan við bæinn er nefnd Bæjarbrún (17), og þar hærra uppi er Efribrún (18). Innan við bæinn taka svo við Vatnsdals-höll (19) inn með Geysirófu. Ofan við Efribrún heitir svo Helgu-fífi (20), og í honum er Helguflóalækur (21), sem rennur í Geysirófu rétt ofan við bæinn, eða innan. Efst í Helguflóa heitir Helguflóabetn (22). Og neðan við Helguflóabotna eru Mjósund (23), ót og upp af Helguflóa í hrúninni heita Geirar (24), og Hólar (25) eru út og niður af Geirunum. Víða í þessum flóum og brekkum eru nafnlausar græfur.

Geysirófa kemur eftir Vatnadal (26), sem höllin fyrrnefndu eru í. Í Vatnadal var byggð 1863-68, hefur þá verið byggt úr Halldórs staðalandi er síðar getur. En í dalnum er Hóll, sem nú er nefndur Hlaða (27). Þar reisti bændan á Sóleyjarvöllum hlöðu í gömlum rústum. Þar rétt austur af hólnum eru djúpir pyttir, Stampar (28). Þetta er á vinstri hönd á leið til Þórshafnar.

Hér nokkuð hærra er annað eyðibýli, Halldórsstaðir (29)

par var byggð 1851-55, 1878-89 og 1891-95 þar var [redacted] Bóni prins og Kristfn mæðir hans sfðustu ábúendur; bærinn stóð í brekku, þar eru tvær grænar rústir. Þærinn dregur nafn af Halldóri Sigurðssyni, sem fyrstur byggði þar. Út af Halldórsstöðum eru tveir stórir steinar, Klefasteinar (30). Út frá þeim heita Halldórsstaðahöll (31), og upp af þeim heita Halldórsstaðabrúnir (32). Niður brekkurnar renna Halldórsstaðalækir (33), renna um túnið milli téftanna og í Geysirófu.

Upp af Halldórsstaðabrúnum er Stóriflói (34), og þar enn [redacted] hærra er Pverhæð (35). Þá eru Þívörður (36) og Hestlækur (37), sem rennur í Gunnlaugsárbotna. Þetta er vestan við nýja veginn. Hér heitir í dalnum Djúpagríf (38). Einbúabunga (39) er utan við Djúpugríf. Þar er Einbúi (40), [redacted] og utan við Bunguna er Vatnsdalurinn, sem fyrr er getið.

#### Stafrófsskrá yfir Sóleyjarvallaörnefni:

Bæjarbrún 17	Smyrlafell 9
Djúpagríf 38	Stampar 28
Efribrún 18	Stekkjarhöll 7
Einbúabunga 39	Stóriflói 34
Einbúi 40	Tjarnir 13
Fjallshorn 14	Urðarfellshnúkur 10
Geirar 24	Urðarmöl 3
Geysirófa 1	Urðarsel 2 [redacted]
Geysirófuós 8	Vatnadalur 26
Halldórsstaðabrúnir 32	Vatnadalshöll 19
Halldórsstaðahöll 31	Pernuvatn 12
Halldórsstaðalækir 33	Þívörðubrekka 11
Halldórsstaðir 29	Þívörðuf 36
Helguflóabotn 22	Pverhæð 35
Helguflóalækur 21	
Helguflói 20	
Hestlækur 37	
Hlaða 27	
Hvammar 15	
Klapparhórn 4	
Klefasteinar 30	
Marksteinn 5	
Mjósund 23	
Mór 6	
Mýri 16	

Norður-Múlasýsla

Skeggjastaðahreppur

Sóleyjarvellir

Gott væri að fá svör við eftirfarandi spurningum, ef hægt  
væri:

- 1) Er nokkuð vitað, hvor Urðarsel stóð?
- 2) Er vitað, hvernig stendur á nafninu Bernuvatn?
- 3) Er vitað um tilefni nafnsins Helguflói og Helgu þá,  
sem hann er við kenndur?
- 4) Koma fram í skránni öll örnefni, sem þekkt eru í  
landareigninni?
- 5) Eru lýsingar örnefnanna nægilega ýtarlegar?